

Akureyrarbær  
Anna Bragadóttir  
Geislagötu 9  
600 Akureyri



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 19. mars 2013  
Tilvísun: UST20130200085/ksj

**Skipulagslysing. Athafna-, verslunar- og þjónustusvæði við Miðhúsabraut - Súluveg.  
Tillaga að breytingu á aðalskipulagi Akureyrarbæjar 2005 - 2018. Tillaga að  
deiliskipulagi landnotkunarreita norðan Súluvegar.**

Vísað er til erindis skipulagsstjóra Akureyrarbæjar er barst 11. febrúar sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um lýsingum vegna tillögu á breytingu á aðalskipulagi Akureyrarbæjar 2005 – 2018 fyrir athafna-, verslunar- og þjónustusvæði við Miðhúsabraut – Súluveg, Akureyri. Einnig er óskað umsagnar stofnunarinnar vegna lýsingum deiliskipulags fyrir athafna-, verslunar- og þjónustusvæði við Miðhúsabraut – Súluveg, Akureyri.

**Tillaga að breyttu aðalskipulagi**

Í umfjöllun um tillögu að breytingu á aðalskipulagi Akureyrarbæjar 2005 – 2018 kemur fram að áætlað er að skilgreina nýjan landnotkunarreit á meginhluta lóðar núverandi steypustöðvar og á lóð Malar og Sands fyrir athafnasvæði.

Einnig verður skilgreind ný lóð fyrir verslun og þjónustu á þríhyrndu svæði milli núverandi lóðar Malar og Sands, Súluvegar og Miðhúsabrautar. Þar er áætlað að Norðurorka reisi áfyllingarstöð. Norðurorka fyrirhugar að vinna metangas til eldsneytisnotkunar á sorpurðunarstaðnum á Glerárdal. Leiða á hauggas frá urðunarstaðnum um hauggaslögn að hreinsistöð sem staðsett verði á lóð Norðurorku við heitavatnsthankinn við Súluveg.

**Náttúruminjar**

Að mati Umhverfisstofnunar er mikilvægt að fullt tillit verði tekið til Glerár og Glerárgils, en Glerárgil er á svæði nr. 508 á náttúruminjaskrá, en þar segir: „Árgil Glerár frá Bandagerðisbrú við Sólvelli, upp gilið að ármótum Glerár og Hlífár. Gróðurrikít gil, skógarlundir, fjölbreyttar árrofsmyndanir, fossar, skessukatlar og skútar. Söguminjar“.

Ljóst er að barmar Glerárgljúfurs eru mikið raskaðir vegna starfsemi steypustöðvar. Stofnunin tekur undir áætlanir um afmörkun svæðis að Glerá og áætlunum um að bæta umhverfi

árinnar.


## Áfyllingarstöð fyrir metan

Umhverfisstofnun bendir á að á áfyllingarstöð fer fram meðhöndlun á eldfimu gasi. Ef slys verður getur mikill eldhnöttur myndast ef leiðslur eða tankur undir miklum þrýstingi tendrast. Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að allar fjarlægðir (öryggisradíus) í næstu byggingar verði skoðaðar.

## Lýsing deiliskipulagstillögu


Fram kemur í lýsingu fyrir væntanlegt deiliskipulag að skilgreind verða þau svæði sem getið er um í lýsingu fyrir tillögu að breytingu aðalskipulags. Einnig kemur fram að skilgreind verði opin, óbyggð svæði meðfram Glerá og á hluta lóðar núverandi steypustöðvar. Umhverfisstofnun tekur undir áætlanir um opin óbyggð svæði við Glerárgljúfur. Einnig tekur Umhverfisstofnun undir áherslur skipulagsnefndar um að bæta skuli umhverfi Glerár og ásýnd árbakkans innan skipulagssvæðisins.

Virðingarfyllst



Kristín S Jónsdóttir

Sérfræðingur



Sigurður Ingason

Sérfræðingur

Skipulagsstofnun